

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu	450 kr.
--------------------------------	---------

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu	1.500 kr.
------------------------------	-----------

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kilóvatt	afl
kWh	kilóvattstund	orka
ML	minútulítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. maí 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti nr. 279, 22. maí 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1997.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 267

14. apríl 1997

SAMÞYKKT

**um þjónustu Hornafjarðarbæjar við fatlaða
á Suðausturlandi.**

1. gr.

Í samræmi við samning Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar með stjórn málefna fatlaðra á Suðausturlandi sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtaldrá sveitarfélaga: Hornafjarðarbæjar, Djúpavogshrepps, Hofshrepps, Borgarhafnarhrepps og Bæjarhrepps.

2. gr.

Félagsmálaráð sér um, í umboði bæjarstjórnar Hornafjarðarbæjar, að íbúum á Suðausturlandi sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Austurlandi hefur sama hlutverk gagnvart Hornafjarðarbæ og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Hornafjarðarbæ og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Hornafjarðarbær undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar, að undangengnum samningi milli Hornafjarðarbæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.

14. apríl 1997

Nr. 268

SAMÞYKKT

um þjónustu Vestmannaeyjabæjar við fatlaða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Í samræmi við samning Vestmannaeyjabæjar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 1997, fer Vestmannaeyjabær með stjórn málefna fatlaðra í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Félagsmálaráð ber fyrir hönd bæjarráðs ábyrgð á að íbúum Vestmannaeyja sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Suðurlandi hefur sama hlutverk gagnvart Vestmannaeyjabæ og gagnvart Svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Vestmannaeyjabæ og gagnvart Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Vestmannaeyjabæjar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Vestmannaeyjabær undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyja skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 11. gr. laga um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1997.

Páll Pétursson.

Sturlaugur Tómasson.